

Ávarp

Verkfræðideild Háskóla Íslands hefur verið í fararbroddi tækniþróunar á Íslandi undanfarna áratugi. Með því að mennta hæfa verkfræðinga fyrir íslenskt samfélag hefur verkfræðideild Háskóla Íslands stuðlað að gjörbreyttum atvinnuháttum og átt drjúgan þátt í að gera Ísland að einni auðugustu þjóð veraldar. Fyrirverandi nemendur deildarinnar eru í forystusveit öflugs íslensks atvinnulífs.

Nú er enn á ný blásið til sóknar. Stefna verkfræðideildar grundvallast á stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2006 – 2011 og áréttar hvernig verkfræðideild stuðlar að því að Háskóli Íslands verði í fremstu röð háskóla í kennslu og rannsóknum. Verkfræðideild mun á næstu árum vinna ötullega að því að efla enn frekar alþjóðlegar rannsóknir og kennslu við deildina. Við munum fylgja eftir sterkri hefð sem hér ríkir, hefð sem byggist á nánú samstarfi við atvinnulífið sem og háskóla í nágrannalöndum okkar. Við munum gera okkar besta til að öflugt þekkingarþjóðfélag blómstri hér á landi.

Sigurður Brynjólfsson
forseti verkfræðideildar

Verkfræðideild

Verkfræðideild Háskóla Íslands tók til starfa haustið 1990 þegar háskólar í Evrópu lokuðust íslenskum verkfræðinemum vegna heimsstyrjaldarinnar. Svo vel tókst til með námið að eftir að friður komst á var ákveðið að halda kennslu áfram til fyrrihlutaprófs í verkfræði. Deildin hefur síðan vaxið og dafnað í takt við kröfur tímans, námskeið og námsskipan hafa breyst, nýjar námsleiðir verið stofnaðar og prófgráður verið samræmdar því sem annars staðar tíðkast. Frá upphafi miðuðust námskröfur í verkfræðideild við að íslenskir verkfræðinemar stæðu jafnfætis félögum sínum frá bestu verkfræðideildum og tækniháskólum erlendis og hefur þess jafnan verið gætt að ekki hallaði á.

Nám til meistaraþrófs var tekið upp 1989 og hefur áhersla á rannsóknartengt framhaldsnám aukist geysilega síðustu ár. Nú eru yfir 800 stúdentar skráðir í nám við deildina, þar af hátt á annað hundrað í meistara- eða doktorsnám. Samtals hafa brautskráðst frá verkfræðideild yfir 2.100 kandiðatar með cand. scient. eða BS-próf í verkfræði eða tölvunarfræði og 170 með meistara- eða doktorspróf.

Efnahagslegar framfarir og velmegun í veröldinni byggjast á framförum í vísindum og tækni. Hlutfall kandiðata í verkfræði af heildarfjölda landsmanna er jafnvel notað sem vísbending um það hve vel þjóðir muni spjara sig á komandi árum. Verkfræðideild Háskóla Íslands er falið það hlutverk að mennta verkfræðinga og þjálfar til að leysa viðfangsefni og stýra framþróun á æ fleiri sviðum íslensks þjóðlífs. Deildin ætlar hér eftir sem hingað til að rækja þetta hlutverk sitt af framsýni og kostgæfni.

Framtíðarsýn

Til að þjóna sem best íslensku samfélagi hefur Háskóli Íslands sett sér það langtímamarkmið að vera á meðal 100 bestu háskóla í heimi.

Við Verkfræðideild Háskóla Íslands hljóta nemendur afburðaháskólamenntun og öðlast víðtæka þjálfun í gagnrýnni hugsun og sjálfstæðum vinnubrögðum. Þeir verða forystumenn á fjölmörgum sviðum samfélagsins og leiðtogar í þekkingarsamfélagi framtíðarinnar.

Kennarar verkfræðideildar geta sér gott orð á alþjóðavettvangi fyrir öflugt vísinda- og fræðastarf og laða til sín framúrskarandi íslenska og erlenda háskólanema. Deildin verður í samstarfi um rannsóknir og kennslu við háskóla og háskóladeildir í fremstu röð í heiminum. Skólinn verður driffjöður framþróunar í íslensku atvinnu- og þjóðlífi og nýtur trausts og virðingar innan lands og utan.

Aðstæður til rannsókna, kennslu og samskipta munu gjörbreytast á næstu árum. Með Vísindagörðum verða nýsköpunar- og hátæknifyrirtæki og rannsóknastofnanir mikilvægur hluti af rannsókna- og kennslustarfi. Landspítali – háskólasjúkrahús og Lífvísindasetur í Vatnsmýrinni munu efla verulega þverfræðilegar rannsóknir, skapa ný tækifæri í námsframboði og stuðla að tengslum við atvinnulíf. Til að þjóna íslensku samfélagi leggur verkfræðideild áherslu á að eiga gott samstarf við stjórnvöld, grunn- og framhaldsskóla, menningarstofnanir, innlenda háskóla, rannsóknastofnanir og íslenskt atvinnulíf. Það gerir okkur kleift að ná

markmiði okkar um að skipa Háskóla Íslands í röð 100 bestu háskóla heims.

Samanburðarháskólarnir

Í þeirri viðleitni að ná afburðaárangri vill Verkfræðideild Háskóla Íslands bera sig saman við nokkra háskóla bæði austan hafs og vestan. Þeir eru:

Tækniháskólinn í Kaupmannahöfn (Danmörku)

Tækniháskólinn í Helsinki (Finnlandi)

Tækniháskólinn í Lundi (Svíþjóð)

Tækniháskólinn í Þrándheimi (Noregi)

Háskólinn í Delft (Hollandi)

Háskólinn í Nottingham (Englandi)

Tækniháskólinn í München (Þýskalandi)

Háskólinn í Washington (Bandaríkjunum)

Háskólinn í Minnesota (Bandaríkjunum)

Háskólinn í Tohoku (Japan)

Valdir eru nokkrir háskólar sem Háskóli Íslands hefur talsverð samskipti við og háskólar á Norðurlöndum, í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan sem taldir eru meðal 100 bestu háskóla heims. Við slíka röðun eru mikilvægustu mælikvarðarnir birtingar á rannsóknarniðurstöðum í viðurkenndum alþjóðlegum tímaritum, vísindaverðlaun til kennara og nemenda, áhrif af rannsóknarniðurstöðum vísindamanna, fjöldi erlendra nemenda, fjöldi erlendra kennara og árangur nemenda eftir brautskráningu.

Grunngildin

Akademískt frelsi

Í verkfræðideild Háskóla Íslands ríkir akademískt frelsi sem stuðlar að gagnrýnni og frjórri hugsun, áráði og víðsýni. Viðurkennd gildi vísindasiðferðis eru ávallt í heiðri höfð.

Sjálfstæði og ábyrgð

Íslenskt samfélag felur verkfræðideild Háskóla Íslands veigamikið hlutverk og fjármuni til að sinna því. Verkfræðideild er sjálfstæð og axlar ábyrgð á því að fara vel með þetta fé í þágu samfélagsins og skila hagkvæmu og árangursríku rannsókna- og kennslustarfi

Fjölbreytni

Við verkfræðideild Háskóla Íslands er boðið nám og stundaðar rannsóknir á öllum helstu sviðum verk- og tölvunarfræði. Áherslan á fjölbreytni samræmist vel þeirri hugsjón að ná afburðaárangri á tilteknum sviðum.

Jafnrétti

Verkfræðideild Háskóla Íslands kappkostar að gæta jafnréttis á öllum sviðum starfseminnar. Verkfræðideild ætlar ávallt að vera í fararbroddi í jafnréttismálum.

Heilindi og virðing

Í öllu starfi verkfræðideildar er áhersla lögð á heiðarleg vinnubrögð. Samskipti einkennast af gagnkvæmri virðingu og trausti.

Hagsæld og virðing

Verkfræðideild Háskóla Íslands er kappsmál að stuðla að framförum og fögru mannlífi í íslensku samfélagi. Verkfræðideild leggur áherslu á sjálfbæra þróun og skynsamlega nýtingu auðlinda.

Hlutverk

Hlutverk Verkfræðideildar er að stunda alþjóðlega viðurkenndar rannsóknir í verkfræði og tölvunarfræði. Niðurstöður rannsókna birtast á alþjóðavettvangi og stuðla að öflun einkaleyfa og stofnun sprotafyrirtækja og efla með því íslenskt atvinnulíf. Þátttaka í erlendu rannsóknarsamstarfi er mikilvæg sem og þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum.

Í kennslu er hlutverk deildarinnar að miðla faglegri þekkingu og tryggja að nemendur séu samkeppnishæfir í námi og störfum hvar sem er í heiminum. Þá ber deildinni að virkja sköpunarkraft þeirra og búa þá undir að takast á við breytingar í framtíðinni.

Hlutverk stjórnar deildarinnar er að hvetja fólk til dáða, stuðla að góðum starfsanda, vera skilvirk á öllum sviðum og styðja vel við nemendur og starfsmenn.

Til að vinna að því langtímamarkmiði að verða meðal 100 bestu háskóla heims hefur Háskóli Íslands sett sér stefnu fyrir tímabilið 2006 – 2011. Hún felur í sér að stórefla doktorsnám við skólann, fjölga birtingum í virtum alþjóðlegum fræðiritum, laða að hæfustu nemendur og kennara, efla samstarf við virta erlenda háskóla, treysta tengslin við íslenskt atvinnulíf, styrkja stjórnkerfi skólans og bæta stoðþjónustu. Stefnan miðar að því að ná þremur aðalmarkmiðum ásamt tilheyrandi undirmarkmiðum.

Markmið og aðgerðir 2006 – 2011

Til að vinna að því langtíamarkmiði að verða meðal 100 bestu háskóla heims hefur Háskóli Íslands sett sér stefnu fyrir tímabilið 2006 – 2011. Hún felur í sér að stórefla doktorsnám við skólann, fjölga birtingum í virtum alþjóðlegum fræðiritum, laða að hæfustu nemendur og kennara, efla samstarf við virta erlenda háskóla, reysta tengslin við íslenskt atvinnulíf, styrkja stjórnkerfi skólans og bæta stoðþjónustu. Stefnan miðar að því að ná þremur aðalmarkmiðum ásamt tilheyrandi undirmarkmiðum.

AÐALMARKMIÐ

1. FRAMÚRSKARANDI RANNSÓKNIR

Háskóli Íslands ætlar að efla hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið á fjölbreyttum sviðum vísinda og fræða. Til þess þarf að stórefla doktorsnám og auka samstarf við aðra háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki.

2. FRAMÚRSKARANDI KENNSLA

Háskóli Íslands þjónar samfélaginu og þörfum þess fyrir menntun á heimsmælikvarða með því að veita nemendum framúrskarandi kennslu í nánnum tengslum við rannsóknarstarf skólans.

3. FRAMÚRSKARANDI STJÓRNUN OG STOÐÞJÓNUSTA

Háskóli Íslands ætlar að styðja vel við rannsóknir og kennslu með skilvirku stjórnkerfi, góðri stoðþjónustu og öflugum gæðakerfi.

1. FRAMÚRSKARANDI RANNSÓKNIR

Háskóli Íslands ætlar að efla hágæðarannsóknir sem standast alþjóðleg viðmið á fjölbreyttum sviðum vísinda og fræða. Til þess þarf að stórefla doktorsnám og auka samstarf við aðra háskóla, rannsóknastofnanir og fyrirtæki.

Stórefling doktorsnáms er forsenda þess að Háskóli Íslands geti skipað sér í röð fremstu háskóla heims. Doktorsnám lýtur ströngum gæðakröfum og til að standast þær þarf háskóli að hafa á að skipa fburðahæfum leiðbeinendum. Þegar saman koma metnaðarfullir doktorsnemar og hæfir kennarar verður til kröftugt vísinda-starf. Einungis með öflugum doktorsnámi standast háskólar alþjóðlegan samanburð og þá samkeppni sem ríkir um bestu innlendu og erlendu doktorsnemana og hæfustu kennarana. Rannsóknarvirkni eykst með þróttmiklu doktorsnámi sem leiðir til betri árangurs í samkeppni um alþjóðlegt rannsóknarfé. Með eflingu doktorsnáms opnast nýir möguleikar á skipulegu samstarfi við innlenda og erlenda háskóla. Uppbygging doktorsnáms felur í sér að stórbæta þarf aðstöðu og aðbúnað vegna rannsóknar við Háskóla Íslands á fjölmörgum sviðum.

Í þessu skyni mun verkfræðideild Háskóla Íslands:

- **Fimmfalda fjölda brautskráðra doktora**

- ◆ Doktorsnemunum við deildina fjölgi úr 10 í 30 til ársbyrjunar 2009.
- ◆ Erlendir doktorsnemar verði um 30% af heildarfjölda doktorsnema árið 2011.
- ◆ Miðað verði við að 10% doktorsnema við verkfræðideild Háskóla Íslands stundi nám á grundvelli samninga um sameiginlegar námsgráður (joint degrees) með erlendum skólum árið 2011.
- ◆ Árið 2011 brautskráist a.m.k. sex doktorar.
- ◆ Styrkjakerfi fyrir doktorsnám verði stóreflt fyrir árslok 2011.

- **Prefalda fjölda brautskráðra meistaranema**

- ◆ Brautskráðum meistaranemunum fjölgi í 100 á ári til ársbyrjunar 2011.
- ◆ Erlendir meistaranemar verði 30% af heildarfjölda meistaranema árið 2011.
- ◆ Styrkjakerfi fyrir meistaranám verði eflt fyrir árslok 2009.

- **Auka rannsóknavirkni og gæði rannsókna – fjölga birtingum greina í virtum alþjóðlegum ritrýndum tímaritum**

- ◆ Háskóli Íslands bjóði launa- og starfskjör sem laða að hæfustu kennarana.
- ◆ Birtingum vísindagreina í virtum alþjóðlegum ritrýndum ISI-tímaritum fjölgi um 100%.
- ◆ Fjöldi nýdoktora starfandi við deildina verði átta fyrir árið 2011.

- **Auka skipulegt samstarf við erlenda háskóla og háskóladeildir í fremstu röð í heiminum**

- ◆ Árið 2011 verði verkfræðideild Háskóla Íslands í nánun rannsóknarsamstarfi við a.m.k. 3 af 50 fremstu háskólum og háskóladeildum í heiminum.

- **Auka sókn í samkeppnissjóði vegna rannsókna**

- ◆ Tekjur úr innlendum, norrænum, evrópskum (m.a. rammaáætlunum ESB) og bandarískum samkeppnissjóðum verði a.m.k. 100 millj. kr. fyrir árið 2011.
- ◆ Hver kennari deildarinnar afli millj. kr. á ári úr innlendum eða erlendum sjóðum eða frá fyrirtækjum.

- **Stórefla aðstöðu til rannsókna og auka aðgang að rafrænum tímaritum og gagnagrunnum**

- ◆ Heildarhúsnæði verkfræðideildar verði aukið til að bæta úr brýnni húsnæðisþörf og til að mæta fyrirsjáanlegri fjölgun nemenda og kennara.
- ◆ Fé til kaupa á gagnagrunnum, rafrænum tímaritum og bókum verði aukið um 100% frá

Því sem nú er til ársloka 2008.

- **Auka þverfræðilegar rannsóknir**
 - ◆ Fjölbreytileiki Háskóla Íslands verði nýttur til að efla þverfræðilegar rannsóknir með það að markmiði að skapa nýja þekkingu og fræðasvið.
 - ◆ Settar verði á stofn sex nýjar þverfræðilegar námsbrautir árið 2009.
- **Efla tengsl við rannsóknastofnanir, atvinulíf og landsbyggð.**
 - ◆ Verkfræðideild stefnir að flutningi í Vísindagarða Háskóla Íslands í Vatnsmýri. Flutningurinn hefst fyrir lok ársins 2008.
 - ◆ Verkfræðideild byggi upp samstarfsnet um rannsóknir við lykilaðila í atvinnulífinu.
 - ◆ Hagnýting rannsóknarniðurstæðna verði aukin, m.a. með því að stofnsetja fleiri sprotafyrirtæki í tengslum við Háskólann og með því að fjölga einkaleyfisumsóknum.
 - ◆ Leitað verði í auknum mæli til fyrirtækja og einstaklinga um samstarf og stuðning í tengslum við meistara- og doktorsnám.
 - ◆ Störf við deildina kostuð af utanaðkomandi aðilum verði sex fyrir árið 2011.
 - ◆ Samstarf við innlenda háskóla og rannsóknastofnanir verði aukið til að stuðla að framúrskarandi árangri íslenskra vísindamanna á tilteknum sviðum.

2. FRAMÚRSKARANDI KENNSLA

Háskóli Íslands þjónar samfélaginu og þörfum þess fyrir menntun á heimsmælikvarða með því að veita nemendum framúrskarandi kennslu í nánnum tengslum við rannsóknarstarf skólans.

Framúrskarandi kennsla er grundvallarþáttur í góðu háskólastarfi. Til að ná markmiði sínu um menntun á heimsmælikvarða þarf Háskólinn kennara og nemendur í fremstu röð, hvaðanæva að úr heiminum, og aðstöðu sem laðar þá að skólanum og skapar bestu skilyrði til vinnu. Háskólinn gerir miklar kröfur um árangur og gæði í námi og kennslu.

Í þessu skyni mun verkfræðideild Háskóla Íslands:

- **Laða að hæfustu nemendurna**
 - ◆ Bjóða styrki fyrir afburðanemendur í grunn- og framhaldsnámi.
 - ◆ Skapa fyrirmyndarnámsumhverfi.

◆ Hlutfall fastra kennara á nemendur hækki úr 1:20 í 1:15 til ársins 2010.

• **Ráða hæfustu kennarana**

◆ Háskóli Íslands bjóði launa- og starfskjör sem laða að hæfustu kennarana.

◆ Verkfræðideild Háskóla Íslands mun bjóða gott starfsumhverfi, m.a. með því að efla stoðþjónustu við kennara.

◆ Auglýsingar um kennarastörf verði birtar á alþjóðlegum vettvangi.

◆ Stefnt skal að því að einfalda ráðningarferli akademískra starfsmanna og að nýir kennarar verði að jafnaði ráðnir tímabundið.

◆ Einstaklingsbundinn sveigjanleiki í starfsskyldum akademískra starfsmanna, á milli rannsókna, kennslu og stjórnunar, verði aukinn og endurskoðaður.

◆ Nýjum kennurum verði auðveldað að byggja upp rannsóknaraðstöðu.

◆ Lögð verði áhersla á að bæta kjör stundakennara.

• **Efla stuðnings- og gæðakerfi kennslu**

◆ Deildin setji sér skýr kennslumarkmið fyrir mitt ár 2007. Þau kveði m.a. á um móttöku nýrra kennara og nemenda, þjálfun og endurmenntun kennara, þróun kennsluhátta og námsmats, stoðþjónustu, stærð námshópa og skilgreiningu á hlutverki framahlds nema og stundakennara við kennslu.

◆ Deildin taki vel á móti og styðji við erlenda stúdenta.

◆ Framkvæmd og eftirfylgni kennslukannan verði endurskoðuð fyrir lok ársins 2006. Þátttaka nemenda verði aukin í a.m.k. 80% og niðurstöður nýttar til að auka gæði kennslunnar.

• **Endurmeta og þróa námsframboð**

◆ Námsleiðir verkfræðideildar verði endurskoðaðar reglulega. Við þá endurskoðun verði tekið mið af sýbreytilegum þörfum samfélagsins og alþjóðlegri þróun.

◆ Nýjar námsleiðir verði þróaðar. Fjölbreytni Háskólans verði nýtt til að auka framboð á þverfræðilegu námi.

◆ Kennarar og sérfræðingar deildarinnar séu hvattir til að skipuleggja og standa fyrir alþjóðlegum sumarnámskeiðum, m.a. til að laða að erlenda framhaldsnemendur.

◆ Námsframboð verði aukið með skipulegu fjarnámi í samstarfi við erlenda háskóla.

◆ Lögð verði áhersla á að fjölga skiptistúdentum og gestakennurum í einn á misseri í

hverri skor í því
skyni að gera námsframboð fjölbreyttara og efla alþjóðleg tengsl.

- **Auka ábyrgð nemenda**

- ◆ Gerð verði ítarleg úttekt á brottfalli nemenda, greining á orsökum þess og settar fram tillögur til úrbóta.

- ◆ Dregið hafi úr brottfalli nemenda á fyrsta námsári um 50% árið 2011, þannig að það verði ekki yfir 30%.

- **Efla endurmenntun og almenningsfræðslu**

- ◆ Verkfræðideild mæti síaukinni eftirspurn fagfólks eftir endurmenntun með því að efla samstarf við

- ◆ Endurmenntun Háskóla Íslands. Samstarf og verkaskipting milli Endurmenntunar og deildar verði endurskoðuð fyrir árslok 2007.

- ◆ Almenningsfræðsla verði eflað, m.a. á vettvangi Endurmenntunar og fræðasetra Háskólans á landsbyggðinni.

3 FRAMÚRSKARANDI STJÓRNUN OG STOÐÞJÓNUSTA

Háskóli Íslands ætlar að styðja vel við rannsóknir og kennslu með skilvirku stjórnkerfi, góðri stoðþjónustu og öfluggu gæðakerfi.

Nauðsynlegt er að efla og styrkja stjórnkerfi Háskóla Íslands og móta það þannig á hverjum tíma að skólinn nái markmiðum sínum, standi undir væntingum sem til hans eru gerðar og standi sterkar að vígi í samkeppni við aðra alþjóðlega háskóla.

Endurskipuleggja þarf stjórnkerfi hans, skilgreina betur völd og ábyrgð stjórnenda og gera ákvarðanatöku hraðari og áreiðanlegri. Jafnframt er nauðsynlegt að efla gæðamenningu innan skólans, styrkja tengslin við íslenskt samfélag og stórauka sjálfsaflafé skólans.

Í þessu skyni mun verkfræðideild Háskóla Íslands:

- **Stefna að auknu sjálfræði verkfræðideildar Háskóla Íslands og styrkja stjórnkerfi hennar. Styrkja tengsl deildar við íslenskt atvinnulíf, mennta- og menningarstofnanir, stjórnvöld og hollvini og taka virkan þátt í opinberri umræðu.**

- ◆ Ný skipan deildar verði undirbúin í samráði við rektor.

- ◆ Stoðþjónusta verði eflað, m.a. til að gera kennurum betur kleift að helga sig kennslu

og rannsóknnum.

- **Efla gæðakerfi og gæðamenningu innan verkfræðideildar.**
 - ◆ Unnið verði markvisst að því að efla gæðamenningu deildar.
 - ◆ Fram fari reglubundið ytra gæðamat á deildinni. Slíkt gæðaeftirlit verði ávallt í höndum faglegs aðila eða sjálfstæðrar matsstofnunar sem styðst við viðurkennd alþjóðleg viðmið og kröfur.
 - ◆ Komið verði á fót formlegum vettvangi til að taka við ábendingum og tillögum um það sem betur má fara í stjórnkerfi og stoðþjónustu deildarinnar.
- **Styrkja tengsl deildar við íslenskt atvinnulíf, mennta- og menningarstofnanir, stjórnvöld og hollvini og taka virkan þátt í opinberri umræðu.**
 - ◆ Markaðs- og samskiptastarf deildarinnar verði samhæft og eflt enn frekar.
 - ◆ Tengsl við atvinnu- og þjóðlíf verði styrkt með fjölgun utanaðkomandi fulltrúa í stjórnun deildarinnar.
 - ◆ Tengsl við framhaldsskólana í landinu verði styrkt.
 - ◆ Tengsl við grunnskóla landsins verði styrkt.
 - ◆ Verkfræðideild rækti tengsl við fyrrverandi nemendur og byggi markvisst upp hollvinasamtök sín
 - ◆ Vefsíða deildar verði virkur alþjóðlegur upplýsingamiðill.

Framkvæmd og eftirfylgni.

Deildarforseti ber ásamt deildarráði ábyrgð á framkvæmd stefnunnar og gerir rektor reglulega grein fyrir gangi mála.

Skorarformenn, sviðsstjórar og aðrir stjórnendur bera ábyrgð á framkvæmd stefnunnar hver á sínum vettvangi. Deildarforseti heldur reglulega fundi með þeim til að fara yfir stöðu mála.

Stefna deildar er nánar útfærð í sérstakri aðgerðaáætlun sem er uppfærð árlega og samhæfð annarri áætlanagerð deildar. Deildarráð vinnur náið með deildarforseta, gerir athugasemdir við framgang einstakra stefnumála og gerir tillögur um næstu skref.

Deildarforseti fer reglubundið yfir markmiðasetningu deildar með skorarformönnum, sviðsstjórum og öðrum stjórnendum. Tillögur um uppfærslu markmiða og breytingar eru lagðar fyrir deildarfund. Framvinda markmiða og aðgerða verður kynnt reglulega.

Verkfræðideild Háskóla Íslands janúar 2007

Til að þjóna sem best íslensku samfélagi hefur Háskóli Íslands sett sér það langtímamarkmið að vera á meðal 100 bestu háskóla í heimi.

Samþykkt á deildarfundum í maí 2006